

Fimmtudaginn 19. september 1985.

Nr. 6/1985.

**Vinnuveitendasamband Íslands vegna
Íslenska álfélagsins h/f**

(Kristján Þorbergsson cand.jur.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f.h.

Félags matreiðslumanna

(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Verkfall. Ólögmæt vinnustöðvun. Matreiðslumenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem var tekið til dóms 17. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 13. september 1985.

Stefnandi málsins er Vinnuveitendasamband Íslands, Reykjavík, vegna Íslenska álfélagsins h/f, Straumsvík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, Reykjavík, f.h. Félags matreiðslumanna, Óðinsgötu 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru nú þessar:

1. Að boðað verkfall Félags matreiðslumanna verði dæmt ólögmætt.
2. Að stefnanda verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að í kjarasamningi hlutað-eigandi verkalýðsfélaga hjá ÍSAL, þ.e. Verkamannafélagsins Hlífar, Félags bifvélavirkja, Félags blikksmiða, Félags járníðnaðarmanna, Rafiðnaðarsambands Íslands, Verslunarmannafélags Hafnar-fjarðar, Félags byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði, Félags matreiðslumanna og Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar annars vegar, og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Íslenska álfélagsins h/f hins vegar, sem undirritaður hafi verið þann 28. nóvember 1984, sé í 8. grein svohljóðandi niðurlags- og gildistímaákvæði:

„Samningur þessi gildir frá 6. nóvember 1984 til 31. desember

1985 og er uppsegjanlegur miðað við þann dag af hálfu beggja aðila með eins mánaðar fyrirvara. Sé honum ekki sagt upp, framlengist hann um þrjá mánuði í senn með sama uppsagnarfresti.

Um svipað leyti vorið 1985 og fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands hefja viðræður um mögulega framlengingu samninga, skulu aðilar þessa samnings jafnframt hefja viðræður á sama grundvelli.

Nái ASÍ og VSÍ ekki samkomulagi samkvæmt framanskráðu fyrir 25. júní 1985, verða launaliðir samnings þessa lausir frá og með 1. september 1985 án sérstakrar uppsagnar.

Nái heildarsamtökin hins vegar samkomulagi, skulu samningsaðilar ræða um hliðstæðar breytingar á samningi þessum.“

Ákvæði þetta hafi tengst niðurlags- og gildistökuákvæði samnings ASÍ og VSÍ frá 6. nóvember 1984, en það sé svohljóðandi, sbr. 6. gr. þessa samnings:

„Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi, enda hafi samningsaðilum borist tilkynning um samþykki fyrir 26. nóvember nk. Heimilt er Vinnuveitendasambandinu að beina tilkynningu hér um til Alþýðusambandsins og einstökum verkalýðsfélögum til VSÍ. Hafi tilkynning ekki borist innan umrædds frests, öðlast samningurinn fyrst gildi frá og með samþykktardegi viðkomandi verkalýðsfélags. Þetta gildir einnig um þau verkalýðsfélög, sem ekki hafa sagt launaliðum samninga lausum.

Samningur þessi gildir til 31. desember 1985 og er uppsegjanlegur miðað við þann dag af hálfu beggja aðila með eins mánaðar fyrirvara. Sé honum ekki sagt upp, framlengist hann um 3 mánuði í senn með sama uppsagnarfresti.

Fyrir apríllok 1985 skulu fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands hefja viðræður um mögulega framlengingu þessa samnings. Nái Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands ekki samkomulagi samkvæmt framanskráðu fyrir 25. júní 1985, verður launaliður samningsins laus frá og með 1. september 1985 án sérstakrar uppsagnar.“

Stefnandi tekur fram, að viðræður hafi síðan hafist með vorinu og endað með samingi ASÍ og VSÍ 15. júní 1985 eða nokkuð innan þess tíma, sem 8. grein ÍSAL-samningsins frá 28. nóvember og ASÍ/VSÍ-samningsins 6. nóvember 1984 gerðu ráð fyrir. Þar með sé ákvæði ÍSAL-samningsins, sem geri ráð fyrir, að launaliðir verði

lausir 1. september 1985, óvirkt orðið. Samningur ASÍ og VSÍ 15. júní 1985 sé sá samningur, sem greint ákvæði bindi skilyrði, að ekki náist fyrir lausn launaliða 1. september.

Eftir að samningur ASÍ og VSÍ frá 15. júní 1985 lá fyrir, hafi samningsaðilum ÍSAL-samningsins borið að ræða um hliðstæðar breytingar og í ASÍ/VSÍ-samningi greindi samkvæmt fyrirmælum niðurlagsákvæðis ÍSAL-samningsins frá 28. nóvember 1984.

Þeim viðræðum hafi síðan lokið með undirritun breytts ÍSAL-samnings 21. júní 1985. Skýrt hafi komið fram við þá samningsgerð, að með gerð þess samnings væru aðilar að uppfylla skyldur þær, sem á þeim hvíldu samkvæmt gildistímaákvæði 8. greinar samningsins frá 28. nóvember 1984.

Fyrsti fundur aðila um breytingar á ÍSAL-samningi hafi verið haldinn þriðjudaginn 18. júní í húsakynnum Vinnuveitendasambands Íslands að Garðastræti 41. Fundur þessi hafi verið ákveðinn og boðaður með þeim hætti, að í símtali síðdegis laugardaginn 15. júní hafi Örn Friðriksson, aðaltrúnaðarmaður hlutaðeigandi verkalyðsfélaga hjá ÍSAL, og Jakob R. Möller, starfsmannastjóri ÍSAL, ákveðið, að þar sem samningur ASÍ og VSÍ lægi fyrir, væri tímaþætt orðið, að samningsaðilar kæmu saman til uppfyllingar þeirra samningsskuldbindinga sinna að ræða um hliðstæðar breytingar.

Fundur þessi hafi hafist með því, að Jakob R. Möller hafi lýst þeirri skoðun af hálfu ÍSAL, að samningur ASÍ og VSÍ frá 15. júní væri sá samningur, sem greindi í niðurlagsákvæði ÍSAL-samningsins frá 28. nóvember, og bindi því aðilum þær skyldur, sem fyrr greinir, þ.e. að ræða um hliðstæðar breytingar. Næstur hafi tekið til máls Örn Friðriksson aðaltrúnaðarmaður og lýst því f.h. verkalyðsfélaganna, að þau væru sama sinnis. Margir hinna fulltrúa stéttarfélaganna hafi samsinnt aðaltrúnaðarmanni, en enginn andmælt.

Nýr ÍSAL-samningur hafi síðan verið undirritaður á næsta fundi aðila aðfaranótt 21. júní 1985. Upphafsákvæði þess samnings staðfesti sjónarmið stefnanda um þau meginatvik, sem deila þessi snúist um, með því að í 1. grein sé sérstök tilvísun til niðurlagsákvæðis samningsins frá 28. nóvember 1984.

Þá telur stefnandi, að jafnframt sé ljóst, að samningurinn frá 21. júní feli í sér breytingar á gildandi samningi, svo sem fram komi í 1. grein hans. Það breyti hins vegar engu um, að í fullu gildi sé

samningur eftir sem áður, þótt Félag matreiðslumanna hafi skömmu eftir undirritun hafnað þeim breytingum, sem í þessum samningi fólust, og fellt þær.

Í byrjun júlí hafi verið boðað til fundar vegna þeirrar stöðu, sem þá var upp komin.

Á fundinum, sem m.a. var sóttur af fulltrúa frá Félagi matreiðslumanna, hafi verið bornar fram óskir af hálfu verkakvenna og matreiðslumanna um breytingar á samningnum, en þeim breytingum hafnað af hálfu ÍSAL. Ítrekað hafi verið það sjónarmið, að samningur aðila væri bundinn til áramóta og að launaliðir væru ekki lausir 1. september, vegna þess að samningur ASÍ og VSÍ frá 15. júní 1985 hefði náðst. Jafnframt hafi verið áréttað, að ÍSAL-samningur sé heildarsamningur 10 verkalýðsfélaga við ÍSAL og því gæti ÍSAL ekki fallist á breytingu á samningnum gagnvart einum eða tveimur félögum, án þess að öll félögin ættu beina aðild að þeim breytingum.

Af hálfu ÍSAL hafi síðan verið boðað til annars fundar sömu aðila daginn eftir, þar sem tilkynnt hafi verið sú ákvörðun forsvarsmanna fyrirtækisins, að félagsmönnum þeirra stéttarfélaga, sem hafnað hefðu undirrituðum breytingum á gildandi samningi, yrði engu að síður greitt kaup samkvæmt samningnum, eins og hann lægi fyrir undirritaður. Hafi aðilar skilið við svo búið.

Næst hafi síðan gerst í málinu, að Félag matreiðslumanna hafi sent ÍSAL bréf, dagsett 11. júlí 1985, þar sem fram var tekið, að félagið teldi enn ósamið við matreiðslumenn og greiðsla launa til þeirra umfram skyldu skapaði ÍSAL engan rétt. Félagið hafi lýst þeirri von sinni, að samningaviðræðum yrði hraðað, til þess að það þyrfti ekki að grípa til aðgerða.

ÍSAL hafi svarað með bréfi, dagsettu 15. júlí 1985. Þar sé lýst þeirri skoðun, að samningur aðila sé í gildi til 31. desember 1985, þrátt fyrir það að matreiðslumenn hafi hafnað breytingum á samningnum. Hafi síðan eindregið verið varað við tilraunum til að knýja með aðgerðum fram breytingar á gildandi samningi. Frekari bréfaskriftir hafi síðan farið fram milli aðila, og loks hafi Félag matreiðslumanna með bréfi, dagsettu 11. september 1985, sem ÍSAL barst sama dag, boðað verkfall matreiðslumanna, er starfi í mötuneyti ÍSAL, frá og með kl. 24.00 aðfaranótt laugardagsins 21. september 1985.

Stefnandi kveður málefni þau, sem deila þessi snýst um, hafa borið á góma við samningsgerð ASÍ og VSÍ aðfaranótt 15. júní 1985. Á samningafundinum hafi viðstaddir lýst þeirri skoðun sinni, að samningur sá, sem þeir voru þá að ljúka við, væri einmitt hinn tilgreindi samningur ASÍ og VSÍ, sem um er getið í 8. gr. ÍSAL-samningsins frá 28. nóvember 1984.

Málsástæður og lagarök stefnanda:

Mál þetta er höfðað á grundvelli 1. tl., sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Stefnandi telur boðaða vinnustöðvun Félags matreiðslumanna ólögmdæta og brot á ákvæðum II. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Í gildi er bundinn kjarasamningur frá 28. nóvember 1984 til næstkomandi áramóta, og aðilar eru samkvæmt því bundnir friðarskyldu til sama tíma. Stefndi virðist hins vegar telja sig lausan undan friðarskyldunni, sbr. verkfallsboðun hans. Á það sjónarmið fellst stefnandi ekki og telur kjarasamninginn í fullu gildi. Vegna verkfallsboðunar stefnda er stefnanda því nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvort launaliðir kjarasamnings aðila eru lausir frá 1. september eður eigi.

Lausn launaliða ÍSAL-samningsins frá 28. nóvember 1984 var bundin því frestsskilyrði, að heildarsamtökin á vinnumarkaðnum, ASÍ og VSÍ, næðu ekki samkomulagi fyrir 25. júní 1985. Þar sem heildarsamtökin hins vegar náðu samkomulagi þann 15. júní 1985, kom skilyrðið ekki fram. Af því leiðir, að ekki er um neina lausn launaliða 1. september að ræða. Samkvæmt þessu gildir samningur aðila til 31. desember 1985, en er uppsegjanlegur miðað við þann dag, sbr. 8. gr. samningsins á dskj. nr. 4.

Hefðu samningar um hliðstæðar breytingar, sem í samningi ASÍ og VSÍ frá 15. júní 1985 greindi, ekki náðst á milli ÍSAL og hlutað-eigandi verkalyðsfélaga, væri samningurinn frá 28. nóvember 1984 í gildi óbreyttur.

Fyrirvarar samningsaðila við undirskrift 21. júní sl. um samþykki félagsfunda lúta einungis að breytingum þeim, sem þá voru gerðar, en breyttu í engu ákvæðum 8. gr. ÍSAL-samningsins frá 28. nóvember 1984. Með því var félagsfundum stéttarfélaga gefið færi á að tjá sig um breytingarnar, sem m.a. var eðlilegt í ljósi þess, að í samningnum fólust ný innbyrðis launahlutföll. Það að fella samninginn þýddi því, að viðræður um „hliðstæðar breytingar“ hefðu ekki leitt til niðurstöðu að svo stöddu, en lausn launaliðar var

bundin sérstöku skilyrði öðru. ÍSAL hefur jafnan verið reiðubúið til viðræðna, en af hálfu Félags matreiðslumanna hefur ekki verið farið fram á fund. Þaðan af síður hafði ASÍ/VSÍ-samningurinn frá 15. júní áhrif til breytinga á 8. gr. ÍSAL-samningsins, enda yfirlýst af hálfu þeirra, sem að gerð ASÍ/VSÍ-samningsins stóðu, að hann tæki ekki til ÍSAL-samningsins.

Samkvæmt 8. gr. ÍSAL-samningsins hefur sú staðreynd, að ASÍ/VSÍ-samningurinn var gerður, þær afleiðingar, að launaliðir geta ekki orðið lausir fyrr en við lok samningstímans. Sú staðreynd, að ASÍ/VSÍ-samningurinn náðist þann 15. júní innan tímamarka 8. gr. ÍSAL-samningsins, batt aðilum hans þá skyldu að ræða um hliðstæðar breytingar ÍSAL-samningsins, sbr. orðin „hliðstæðar breytingar“, en með þeim er að sjálfsögðu átt við efnisatriði ASÍ/VSÍ-samnings, þ.e. breytingu kaupgjaldsákvæða. Tómlæti Félags matreiðslumanna, sem m.a. lýsti sér í því að sækja ekki boðaða fundi getur ekki stofnað rétt.

II.

Af hálfu stefnda er á það bent, að enginn fulltrúi Félags matreiðslumanna hafi undirritað ÍSAL-samninginn frá 21. júní 1985. Yfirtrúnaðarmaður á staðnum, Örn Friðriksson, hafi komið samningnum á framfæri við trúnaðarmann Félags matreiðslumanna, eftir að samningurinn hafði verið undirritaður. Samningurinn hafi verið ræddur og síðan felldur einróma í atkvæðagreiðslu, sem allir félagsmenn Félags matreiðslumanna, sem starfa í mötuneyti Íslenska álfélagsins h/f í Straumsvík, muni hafa tekið þátt í og einungis þeir.

Sýknukröfur stefnda eru á því byggðar, að launaliðir kjarasamnings aðila máls þessa frá 28. nóvember 1984, sbr. samning X frá 24. febrúar 1984, hafi verið lausir frá 1. september 1985, og hafi Félagi matreiðslumanna því verið heimilt að boða vinnustöðvun þá hjá stefnanda, sem deilt er um í máli þessu, samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938.

Stefndi heldur því fram, að af 1. gr. og fyrirvara með undirskriftum á samningnum frá 21. júní 1985 sé ljóst, að þar sé verið að gera kjarasamning, sem kveði á um breytingu kaupliða samnings aðila frá 28. nóvember 1984. Sá samningur hafi síðan verið borinn undir atkvæði í þeim stéttarfélögum, sem aðild áttu að samningnum frá 28. nóvember 1984, hverju fyrir sig, enda hafi ekki verið um

að ræða samkomulag um sameiginlega atkvæðagreiðslu. Sú skoðun, sem fram virðist koma hjá stefnanda, að launaliðir samningsins frá 28. nóvember 1984 séu bundnir til 31. desember 1985, að því er varðar þau félög, sem höfnuðu samningnum frá 21. júní, sé í algjöru ósamræmi við þessa framkvæmd.

Stefndi telur það vera ágreiningslaust í málinu, að það sé rétt skýring á samningi Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 6. nóvember 1984, að hvert einstakt félag, sem felldi samkomulag það, sem þar var gert ráð fyrir í 6. gr., byggji við lausa samninga frá 1. september 1985. Vegna tengsla samnings aðila máls þessa frá 28. nóvember 1984 við þann samning beri vafalaust að skýra ákvæði 8. gr. samningsins með hliðsjón af 6. gr. samnings ASÍ og VSÍ, enda sé slík skýring eðli máls samkvæm.

Þá telur stefndi, að við skýringu á 8. gr. samningsins frá 28. nóvember beri að hafa hliðsjón af jafnræðisreglu 14. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeildur, en á jafnræði myndi mjög skorta, ef annar samningsaðilinn ætti þess ekki kost að beita vinnustöðvun til að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilu þeirra.

Samkvæmt þessu lítur stefndi svo á, að skýra beri kjarasamning málsaðila frá 18. nóvember 1984 svo, að launaliðir hans verði lausir frá 1. september 1985 án uppsagnar, ef samningur milli Félags matreiðslumanna og Íslenska álfélagsins h/f um framlengingu hafi eigi tekist fyrir 25. júní 1985. Slíkur samningur hafi ekki náðst. Launaliðir samningsins hafi því orðið lausir frá 1. september, enda hafi Félag matreiðslumanna hvorki í orði né verki afsalað rétti þeim, sem það átti samkvæmt margnefndum samningi, til að fá launaliðum hans breytt.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að boðun til fundarins 18. júní 1985 hafi af hálfu Íslenska álfélagsins h/f verið ófullnægjandi. Einnig verði að gera kröfu til þess, að gildistímaákvæði í kjarasamningum séu svo ótvíræð, að hverjum manni sé ljóst, hvað við sé átt, en svo hafi ekki verið í samningi aðila frá 28. nóvember 1985.

III.

Álit dómsins.

Í 1. gr. og 1. mgr. 8. gr. kjarasamnings frá 28. nóvember 1984 milli Íslenska álfélagsins h/f og hlutaðeigandi verkalýðsfélaga, sem Félag matreiðslumanna er aðili að, kemur skilmerkilega fram, að samningurinn á að gilda til 31. desember 1985. Í 4. gr. samningsins

er kveðið á um undirbúning að nýju launaflokkakerfi án þess að raska gildistíma samningsins. Þá er í 3. mgr. 8. gr. samningsins mælt svo fyrir, að launaliðir samningsins verði lausir frá og með 1. september 1985, ef ASÍ og VSÍ nái ekki samkomulagi um framlengingu samninga fyrir 25. júní 1985. Þar sem samkomulag tókst innan þessara tímamarka milli ASÍ og VSÍ, kom eigi til þess, að launaliðir samningsins frá 28. nóvember 1984 yrðu lausir.

Kemur þá til álita, hvort í 4. mgr. 8. gr. samningsins frá 28. nóvember 1984 felist heimild til þess að losa um launaliði samningsins miðað við 1. september 1985, eins og stefndi heldur fram. Þessi málsgrein hljóðar þannig:

„Nái heildarsamtökin hins vegar samkomulagi, skulu samningsaðilar ræða um hliðstæðar breytingar á samningi þessum.“

Á grundvelli þessa ákvæðis hófust viðræður milli Íslenska álfélagsins h/f og verkalýðsfélaganna, sem lyktaði með samningi, gerðum 21. júní 1985, en þann samning felldi Félag matreiðslumanna, þrátt fyrir það að í honum fælust hliðstæðar kjarabætur og ASÍ og VSÍ höfðu samið um.

Í framangreindu ákvæði 4. mgr. 8. gr. segir ekkert um það, hvernig með skuli fara, ef sú viðræðuskylda um jafnræði, sem þar er stofnað til, leiðir ekki til samkomulags. Nauðsynlegt var að kveða skýrt á um það, ef sú var ætlun samningsaðila, að það hefði í för með sér, að launaliðir samningsins frá 28. nóvember 1984 yrðu lausir.

Samkvæmt framangreindu verður að telja Félag matreiðslumanna bundið kjarasamningi við Íslenska álfélagið h/f til 31. desember 1985. Verfall það, sem félagið boðaði með bréfi, dagsettu 11. september 1985, og hefjast á frá og með kl. 24.00 aðfaranótt laugardagsins 21. september 1985, er því ólöglegt.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

D ó m s o r ð:

Verfall það, sem Félag matreiðslumanna hefur boðað frá kl. 24.00 aðfaranótt laugardagsins 21. september 1985, er ólöglegt.

Málkostnaður fellur niður.